

Móinn

Fréttabréf 2023-2024

Starfsmenn á Móanum 2023 – 2024:



Lilja Dís Hilmsdóttir
leikskólakennari
Deildarstjóri 100%



Jóhanna
Sigtryggisdóttir
leikskólakennari 100%
Sérkennari



Karitas Jónsdóttir
leikskólakennari
Sérkennsla 75%



Katrín Lóa
Traustadóttir
B.Ed í
kennarafræðum
100%

Að auki verða hjá okkur kennarar og leiðbeinendur í afleysingu í hverri viku.

Hópstjórar eru með yfirumsjón yfir þeim börnum sem eru með þeim í hópi og sjá um skráningu í heilsubók og foreldraviðtöl viðkomandi barna. Foreldrar geta leitað til allra kennara á deildinni með dagleg samskipti og spurningar varðandi börnin sín. Foreldrar geta alltaf fengið samtöl við hópstjóra ef þeir vilja, með samkomulagi.



Hópaskipting

Lilja Dís og Kara	Katrín Lóa og Jóhanna
Alexandra Sif Elín Línberg Emma Karen Evían Glódís Heiða Leon Viktor Mikael Þór V. Mía Hólm Sveindís Kata Sverrir Ásberg Tómas Breki	Arney Elísabet Baldur Árni Gyða Dröfn Íris Helga Jace Alexander Kristian Kári Maher Eyad Mikael Þór B. Ragnhildur Rist Saga Rögn Thelma Björk Vilji

23 börn eru á Móanum, öll fædd 2018

Mánudagar - hópastarf

Unnið verður með sex grunnþætti menntunar sem eru skv. aðalnámskrá: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Markmiðið með málrækt á Krógabóli er að gefa börnunum tækifæri á að kynnast betur tungumálinu og möguleikum þess. Í daglegu starfi er alltaf verið að vinna með málið á ýmsa vegu. Lögð er áhersla á að börnin fái tækifæri til að nota málið á fjölbreytilegan hátt í starfinu m.a. með því að læra þulur og vísur, syngja og segja frá.

Við vinnum mikið með hljóðkerfisvitundina en hún hefur forspárgildi varðandi hvernig barni gengur að læra að lesa. Við kennum börnunum að hlusta með því að lesa fyrir þau og förum í athyglisleiki.

Byrjum að vinna markvisst með takt og rím með tveggja ára börnunum, höldum áfram og bætum við flóknara rími og leik með málið hjá þriggja og fjögurra ára börnum. Á þeim aldri er einnig lögð áhersla á að kenna börnunum að ritað mál og að tákn hafi merkingu. Hjá fjögurra og fimm ára börnunum bætist við leikur með máhljóðin, að finna hljóð í orðum, raða saman orðum og taka þau í sundur.

Við stefnum að því að börnin geti skrifað nafnið sitt þegar þau útskrifast úr leikskólanum og að þau þekki nokkra bók- og tölustafi.

Í vetur vinnum við með þrjár dygðir:

Vinsemd og Virðing fyrir áramót

Sköpunargleði eftir áramót

Allt okkar starf litast af þessum dygðum, s.s. í samveru, listsköpun og hreyfingu.

Við ætlum að vinna markvisst að því að börnin tengist vel í hópnum og að þau geti tekið tillit til félaga sinna í leik og verkefnavinnu.

Hópastarf verður á mánudögum kl. 9:30 - 11:00 í vetur

Þriðjudagar - Útikennsla - vettvangsferðir.

Í vetur, líkt og undanfarna vetur förum við í skipulagðar vettvangsferðir. Við förum víða um bæinn bæði gangandi og með strætó. Markmið ferðanna er að byggja upp þrek og þol barnanna, kynna þeim heimabæinn og nágrenni hans sem og að bera virðingu fyrir umhverfinu og náttúrunni. Mikil áhersla verður á að börnin gangi í röð og fari eftir fyrirmælum. Yfirleitt munum við leggja af stað uppúr kl. 9:00 og komum til baka um kl. 11:00. Í þessum vikulegu ferðum okkar fer fram mikið nám og hreyfing og er nauðsynlegt að nemendur hafi fatnað við hæfi, sérstaklega skófatnað.

Miðvikudagar - hreyfing

Hreyfing er hluti af okkar daglega lífi hér í Krógabóli. Markvissar hreyfistundir hafa verið einu sinni í viku inn í salnum kl: 10:35 -11:20

Markvissar hreyfistundir eru mjög vinsælar hjá börnunum og eru alltaf fjölbreyttar og skemmtilegar og við allra hæfi. Hver tími byrjar á smá upphitun og svo verður farið í þrautabrautir eða stöðvarþjálfun þar sem atriði úr heilsubókinni eru þjálfuð. Við förum í hreyfileiki og dönsum saman. Krógaból er heilsuleikskóli og í nóvember og mars er heilsubókarvika, þá gera börnin æfingar eftir stöðluðum hreyfi æfingum og er það skráð í heilsubók barnsins.



Fimmtudagar - listasmiðja.

Á fimmtudögum ætlum við að helga listaverkavinnu. Við útbúum hin ýmsu verkefni sem tengjast t.d. árstíðunum, vettvangsferðum og þeirri dygð sem verið er að vinna með hverju sinni. Við notum alls kyns efnivið s.s. málningu, blek og lím og þrátt fyrir að börnin fari í svuntur geta alltaf komið óæskilegir blettir í fötin. **Fatnaður á fimmtudögum þarf því að vera í samræmi við þennan efnivið.**

Föstudagur – frjáls leikur.

Á föstudögum verður frjáls leikur í hávegum hafður.

Veikindi

Leikskólinn er ætlaður heilbrigðum börnum. **Barn á ekki að koma í leikskólann ef það er með hita og ef barnið er með kvef, hósta og að minnsta kosti eitt af eftirtöldum einkennum til viðbótar; slappleika, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki og/eða niðurgang.**

Á deildinni eru 10 börn á hvern starfsmann og býður stundaskráin ekki upp á að hægt sé að starfsmaður geti verið inni með eitt barn. Barnið verður að vera búið að vera hitalaust heima í einn til tvo daga áður en það kemur aftur í leikskólann.

Barn skal sótt í leikskólann ef heilsufar þess breytist; barnið fær hita yfir 38°C og flensulík einkenni.

Leitið ráðgjafar hjá heilsugæslu:

Ef vafi leikur á því hvort barnið ætti að fara í leikskólann.

Til að fá nánari upplýsingar um einkenni.

Afmæli

Á afmælisdegi barnsins eða þann dag sem haldið er upp á afmæli þess í leikskólanum fær barnið að vera borðstjóri. Ekki er leyfilegt að koma með neitt að heiman í tilefni dagsins. Við gerum daginn eftirminnilegan fyrir barnið, það fær kórónu, við syngjum afmælissönginn og kveikjum á kertum sem barnið síðan blæs á. Allt er þetta myndað og fær barnið afmæliskort með myndum af sér á afmælisdaginn.

Ekki er leyfilegt að setja afmælisboðskort í hólfi barnanna þar sem skapast getur óþarfa leiðindi ef eitt barn fær boðskort en annað ekki.

Leikföng og matur

Af gefnu tilefni viljum við biðja ykkur um að ræða við börnin ykkar að ekki megi koma með dót eða aðra hluti í leikskólann. Það hefur komið upp óánægja meðal barnanna þegar sumir koma með en aðrir ekki.

Einnig er stranglega bannað að koma með mat í leikskólann þar sem börn á deildinni eru með ofnæmi. (Það er freistandi að fá að smakka eitthvað góðgæti sem vinirnir hafa meðferðis) Við gerum undantekningu á þessu þegar það er nestisdagur (tvisvar á ári).

Foreldrasamtöl

Á tímabilinu mars til maí eru foreldrar boðaðir í samtöl þar sem farið er yfir heilsubók barnsins, þroska og líðan þess í leikskólanum. Ef óskað er eftir fleiri viðtölum þá er sjálfsagt að veita þau og hvetjum við ykkur til að hafa samband við okkur kennarana.

Kaffidagar

Á skóladagatali okkar er fyrirhugað að hafa aðventukaffi fyrir foreldra að morgni dags 6. desember, Gæðastund fyrir foreldra og barn. **Aðventukaffið verður frá kl. 8:15 til kl. 9:00.**

Vistunartími

Leikskólinn er opinn frá **7:45-16:15**.



Við viljum vinsamlegast biðja ykkur um að virða vistunartíma barna ykkar.

Barnið á að vera farið úr leikskólanum þegar vistunartíma þess líkur t.d. **ef barn á vistunartíma til kl. 15:00 eða 16:15 þá á það að vera farið úr leikskólanum á þeim tíma**. Athugið að vinnutíma kennara líkur einnig kl. 16:15. Sama gildir á morgnana, börn sem eiga tíma frá kl. 8:00 koma ekki fyrr en kl. 8:00 í leikskólann.

Ef eitthvað óvænt kemur upp á þannig að þið komist ekki á réttum tíma þá vinsamlegast hringið og látið okkur vita, þetta á sérstaklega við þegar nemendur eru sóttir. Símanúmerið okkar er 821-7060

Fataherbergi

Engar töskur eiga að vera í leikskólanum, ekki heldur ofaná kössunum. Foreldrar koma með þau útiföt sem barnið þarf að nota yfir daginn og fötin eru látin í hólfi barnsins svo barnið geti sjálft nálgast fötin og klætt sig sjálft.

Kassinn á efri hillunni er ætlaður undir **auka innifatnað**.

Í kassann á að fara: 2x nærbuxur, 2x sokkar/sokkabuxur, 2x buxur, 1x nærbolur, 1x peysa.

Í hólfinu fyrir neðan hilluna á að setja útiföt: Húfu, tvö til þrjú pör af vettlingum, pollavettlinga, útipeysu og (flísbuxur).

Fatnaður sem á að hanga er: útiföt eftir veðri, úlpa, snjófatnaður, pollaföt.

Munum að veðurfar er fljótt að breytast - sól að morgni getur breyst í rigningu eftir hádegi.

Skór og stígvél eiga að vera í skóhillum í anddyri.

Mikilvægast er að taupokinn hangi alltaf í hólfi barnsins (sem öll börnin hafa fengið að gjöf frá Krógabóli), Hann er ætlaður til að flytja fatnað milli heimilis og skóla og undir blaut og skítug föt eftir daginn. **Taupokinn á að hanga á snaga í hólfinu meðan barnið er í leikskólanum.**

Við endum alla daga á útiveru (nema veður hamli).

Við biðjum ykkur að virða þá **reglu að börnunum sé ekki leyft að opna né loka hliðinu þegar gengið er um það**. Opnun og lokun á hliði er einungis í höndum fullorðinna.

Karellen

Við notum leikskólakerfið Karellen til að halda utan um alla mætingu nemenda auk þess sem myndir af börnunum eru settar inn á þeirra svæði.

Foreldrar geta á einfaldan hátt sent skilaboð til deildar barnsins með upplýsingum t.d. um veikindi, hver nær í barnið og svo frv. Á sama hátt geta kennarar sent skilaboð til hópa eða einstaka forráðamanna innan kerfisins.

Karellen er einnig til sem app og mælum við með að þið náðið í það í símana ykkar eftir að þið hafið virkjað aðganginn á vefsíðunni.

Dagatal

Mánaðarlega útbúum við dagatal og þar má sjá hvað verið er að gera hvern dag. Dagatalið er sett inn á Karellen heimasíðu deildarinnar. Hægt að prenta það út og hvetjum við alla til að gera það. Börnin hafa mjög gaman af að fylgjast með hvað bíður þeirra næsta dag eða í mánuðinum.

<http://krogabol.karellen.is>

**Kveðja frá kennurum Móans með von um gott samstarf í vetur
Lilja Dís, Jóhanna, Kara og Katrín Lóa
og allir hinir.**